

## 5. bekkur

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á Aðalnámsskrá grunnskóla veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is). Aðalnámsskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámsskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólustarfi.

Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámsskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 5. bekk er 35.

Umsjónarkennari í 5. bekk er: Ingbjörg Björnsdóttir og Sveinn Leó Bogason. Stoðkennari er Margrét Magnúsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Sunna Árnadóttir.

### Heimavinna

Nemendur þurfa oft að lesa í fleiri en einni bók heima sem tilheyrir hinum ýmsu námsgreinum. Mikilvægt er að nemendurnir nái upp góðum hraða í lestri og tækni við að greina efni í texta. Nemendur fá yfirleitt verkefni í stærðfræði og íslensku til að vinna heima. Mikilvægt er að nemendur ljúki við verkefni sem þeir hafa ekki náð að klára í skólanum.

Nemendur eiga að vera með skóladagbók þar sem þeir skrifa niður heimavinnu hverrar viku.

## Íslenska

### Lestur/bókmenntir/ljóð og ritun

**Helstu áhersluatriði:** Að efla lesskilning nemenda, orðaforða og málskilning. Það gerum við t.d. með því að lesa sögur og vinna spurningar upp úr þeim, þannig þjálfast nemendur í að lesa mismunandi texta og greina aðalatriði frá aukaatriðum.

Nemendur þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkjarfélagana t.d. með því að lesa frumsaminn texta og kynna verkefni. Hlusta á umræður og taka þátt í þeim.

Nemendur taka þátt í lestrarátaki í skólanum sem er samvinna bekkjarkennara og bókasafnskennara. Í ritun læra nemendur að semja sögur með atburðarás. Unnin bókmenntaverkefni.

Nemendur læra vísur og ljóð utanbókar til söngs og annars munnlegs flutnings eftir íslenska höfunda. Farið verður í helstu hugtök ljóða s.s. rím og ljóðstafi.

Nemendur vinna ljóðavinnubækur þar sem þeir setja upp ljóðin, vinna verkefni um höfundana og myndskreyta. Einnig munu nemendur nýta margmiðlun við skil á verkefnum.

**Helsta námsefni:** Blákápa og Óskasteinn í heimalestur, Ljóðspor og námsefni frá kennara.

**Námsmat:** Ljóðakunnátta, bókmenntir/lesskilningur og lestur: Í ljóðum er metið hvernig nemendum tekst að læra utan bókar ljóð, skilning þeirra á ljóðum, einfalt myndmál, form og framsögn/flutning. Ljóð gilda 30% af lokaeinkunn. Bókmenntir og lesskilningur er metinn með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til námsmats ásamt prófum og könnunum. Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið, þau mæla framfarir í lestri.

### Málfræði/stafsetning og skrift.

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu bæði heima og í skólanum. Nemendur þjálfast í stafsetningu í almennri ritun og með því að fara í nokkrar stafsetningarreglur og vinna verkefni tengdum þeim. Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna og að nemendur skrifi læsilega tengda skrift.

**Helsta námsefni:** Málrækt 1 og 2 les- og vinnubók, Skræða les og verkefnabók I Mál til komið les- og vinnubók, verkefnabók 1 með Réttitunarorðabók, Skrift og efni frá kennara. Námsefni frá kennara tengt Orð af orði

Ítarefni úr: Finnbjörg.

### Námsmat:

Ritun: Skrift er metin með formlegum verkefnum og frjálstri ritun þar sem tekin eru sýnishorn af verkefnum nemenda. Skriftarpróf, skriftarbækur og önnur verkefni eru metin til einkunnar. Stafsetning er metin með reglulegum könnunum (upplestrum) og gefin er einkunn.

Málfræði: Námsmátið byggir á símati em birt er með bóstöfum.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

## Stærðfræði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur halda áfram að vinna með grunnþættina samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Auk þess er fengist við mælingar, flatarmál, rúmfræði, mynstur, breytur, algebru, almenn brot, hnitakerfi, línurit og líkindareikning. Áhersla er lögð á að nemendur þrói með sér góðan skilning og geti gert skýra grein fyrir lausnum sínum. Þeim er gert að beita stærðfræðipækkingu sinni á ýmis svið og fást við verkefni sem reyna á rökhugsun, innsæi og talnaskilning. Grunnbækurnar eru einnota og nemendur skrá lausnir sínar og vangaveltur í vinnubók (reiknisbók). Lögð er áhersla á að nemendur haldi vinnubók sinni snyrtilegri og vandi uppsetningu og frágang dæma.

**Helsta námsefni:** Stika 1a og b. Sproti 4B, æfingahefti og nemendabók Efni frá kennara. Annað efni: Stjörnuþættur, Dýr í Afríku, Töfrar, Mynstur, Verkefni fyrir vasareikni og heimadæmi.

**Námsmat:** Þekking nemenda í stærðfræði er metin með könnunum og annaprófum. Horft er til kunnáttu, færni, skilnings, getu nemenda til að greina og tengja ólíka þætti.

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

## Samfélagsfræði

### Íslandssaga

**Helstu áhersluatriði:** Fjallað verður um landnámsmenn og lífshætti þeirra. Farið verður í samskipti þeirra, siði og venjur, reglur og lög hjá hinum ýmsu samfélagshópum. Unnin verða verkefni þar sem reynir á samvinnu nemenda.

**Helsta námsefni:** Frá Róm til Þingvalla, Leifur heppni.

Námsmat byggist á þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum. Til einkunnar gilda verkefni, vinnubók, kannanir og lokapróf.

### Landfræði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur kynnast landsháttum og landafræði Íslands. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að nota landakort og afla upplýsinga út frá þeim.

**Helsta námsefni:** Ísland –veröld til að njóta, vinnubók og kort.

Námsmat byggist á þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum. Námsmat er birt með bókstöfum.

**Ítarefni:** margmiðlunarforrit og myndbönd

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

## Náttúrufræði

### Lífvisindi

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur læra um íslenskar plöntur, fugla, villt spendýr og skordýr. Fjallað er um mismunandi gróðurlendi sem vistkerfi dýra og plantna og skoðað hvernig eitt er öðru háð. Nemendur kynnast almennum landfræðilegum þáttum tengdum Íslandi s.s. myndun og mótun lands, landslagi, loftslagi, gróðurfari og náttúruauðlindum.

**Helsta námsefni:** Líf á landi og efni frá kennara.

**Ítarefni:** margmiðlunarforrit og myndbönd

### Eðlisvísindi/jarðvísindi

**Helstu áhersluatriði:** Ljós, speglar, linsur, rafmagn, seglar, sól, jörð og tungl, jörðin og landið okkar.

**Helsta námsefni:** Auðvitað - bók 1.

**Námsmat:** Byggist á þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Stuðst er við verklegt mat og er vinnuferlið metið í leiðsögn við nemandann. Einnig þurfa nemendur að sýna fram á að þeir hafi tileinkað sér ákveðna færni. Vinnuferlið er metið. Sjálfsmat er hluti af námsmati þar sem nemandi metur viðhorf sín, þekkingu og/ eða færni innan ákveðinna námssviða og hvort honum hafi tekist að ná settum markmiðum. Námsmat er birt með bókstöfum.

**Kennari:** Guðrún Þóra Björnsdóttir

## Hreyfing og heilsa

**Skipulag kennslu:** Farið verður í efni kennslubókarinnar með virkri þátttöku nemenda. Nemendur ræða efnið og vinna saman í þörum og smáum hópum. Leitast verður við að nemendur upplifi fræðslu um hollustu, hreyfingu og heilbrigðan lífstíl á jávæðan og virkan þátt. Farið verður í gönguferðir, gerðar æfingar í kennslustofunni og á skólalóð.

### Markmið

Að nemendur:

- rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)

- greini á milli góðs og lélegs fæðuvals
- þekki heiti næringarefnanna
- þekki flokka í fæðuhringnum
- geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar fyrir heilsuna
- viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann
- læri um gildi þess að borða “fimm á dag”
- geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi
- geti unnið og tekið þátt með jákvæðu hugarfari
- læri að þekkja umhverfis- og endurvinnslumerki, temji sér ábyrgð gagnvart náttúrunni og verðmætum (s.s. orku, pappír ofl.)

**Námsefni:** Gott og gagnlegt; lesbók og vinnubók. Efni frá kennara.

**Námsmat:** Lagt verður mat á virkni í kennslustundum og frágang vinnubókar.

**Kennarar:** Guðríður Sigurðardóttir.

### Enska

**Helstu áhersluatriði:** Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ensku, nemendur kynnist grundvallaratriðum enskrar tungu og geti m.a. myndað og skilið einfaldar setningar. Kennslan að mestu leyti byggð upp á hlustun og tali. Ný orð „glósuð“ jafnóðum og þau koma fyrir. Nemendur öðlist grunnorðaförða í ensku.

**Helsta námsefni:** Speak out, Work out, Build up 1, A-hefti málfræðiafingar og efni frá kennara.

Ítarefni: Hickory, Dickory, Dock. Enska með gátum og skrytlum. Portfolio

**Námsmat:** Þar sem lögð er áhersla á hlustun og tjáningu tekur námsmatið mið af því. Verkefnavinna og kannanir verða uppistaðan í námsmatinu.

**Kennarar:** Guðríður Sigurðardóttir.

### Trúarbragðafraeði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur fjalla um lífið og tilveruna. Til þess eru notaðar sögur úr daglegu lífi sem eru í kennslubókinni einnig er fræðst um sögu og stöðu kristinnar trúar og fá kynningu á hinum .

**Helsta námsefni:** Brauð lífsins, Hindúar.

**Námsmat:** Byggir á að meta færni til gagnrýnnar hugsunar, viðhorf, virðingu og umburðarlyndi. Til námsmats gilda próf, vinnubækur, þátttaka í umræðum og verkefni.

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

### Lífsleikni

**Helstu áhersluatriði:** Mikil áhersla er á að styrkja sjálfsmynd nemendanna sem þurfa að vera undirbúnir fyrir að takast á við ýmis áreiti og freistingar í lífinu. Að nemendur geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og heilbrigðra lífshátta og nýti námið í daglegu lífi. Hvatt er til umræðna og samvinnu. Áfram er lögð mikil áhersla á mikilvægi góðra samskipta og að nemendur geti tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar. Frætt er um hættur í nánasta umhverfi og viðbrögð við þeim. Gert er ráð fyrir að nemendur þekki og tileinki sér allar reglur fyrir gangandi, hjólandi og skautandi vegfarendur. Fjallað er um gildi laga og reglna, góðrar hegðunar og ástundunar. Nemendur fá það verkefni á vorin að hreinsa til í kringum skólann. Námsgreinin lífsleikni tengist öðrum námsgreinum á margvíslegan hátt. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

**Helsta námsefni:** Verkefni um jákvæðan aga .Á ferð og flugi í umferðinni. Myndband um einelti 1.

Eineltishringurinn. Ég er það sem ég vel 5. bekkur (samþætt við heimilisfræði). Ha, ég ? Verkefnablöð fyrir 9 -12 ára börn – Geðrækt. Efni frá kennara. Verkefni um jákvæðan aga.

**Námsmat:** Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundinn hátt. Kennarinn fylgist með framförum og virkni nemandans og gefur umsögn við lok vorannar.

**Námsmat** byggir á þátttöku í umræðu og félagsfærni nemenda.

**Kennarar:** Umsjónarkennari.

### Upplýsingamennt - tölvunotkun

**Helstu áhersluatriði:** Kynning á grundvallaratriðum í tölvunotkun þ.e. ritvinnslu (fingrasetningu, teikniforriti og vefnum. Nemendur læra að afla sér upplýsinga úr bókum og af netinu . Samhliða læra þeir að meta og vinna úr þeim.

**Helsta námsefni:** Power point, Word og efni frá kennara.

**Námsmat:** Skil á verkefnum og próf.

**Kennari:** Ingibjörg Björnsdóttir

## Myndlist

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur teikna, mála og móta eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Þjálfuð eru lögmál og aðferðir greinarinnar og þau grunnhugtök sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Í tengslum við skapandi starf nemenda á námið að vera hvati til aukinnar rýni og dýpri skilnings á lögmálum myndmáls og félagslegu og sögulegu samhengi myndlistar. Nemendur nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda, hugtakið sjónarhorn, möguleika línunnar og geri tilraunir og verkefni tengd því. Lögð er áhersla á blandaða tækni og fjölbreyttar aðferðir og áhöld við verkefnavinnuna og reynt að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér vandvirkni og góða umgengni um efni og áhöld.

**Helsta námsefni:** Myndlist I, Myndlist II, Listavefurinn, verkefni frá kennara - efni fengið úr ýmsum bókum og gögnum um myndlist. Inntak verkefna byggir á þrepamarkmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

**Helstu kennsluáferðir:** Stuttir fyrirlestrar við upphaf kennslustundar, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, samvinnunám og hópastarf.

**Námsmat:** Símat sem byggir á frumkvæði, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Vinnuferlið er metið jafnt á við frágengið verk. Einnig byggir námsmat á sjálfsmati nemenda í þeim tilgangi að auka meðvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.

**Kennari:** Aðalbjörg María Ólafsdóttir.

## Heimilisfræði

### Markmið

Að nemendur:

- kunnir skil á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslustörf, geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál, lítra mál og geti mælt  $\frac{1}{4}$  og  $\frac{3}{4}$
- þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum og noti hráefni úr öllum fæðuflokkum.
- þjálfist í meðhöndlun og hreinsun á grænmeti og ávöxtum og fái þjálfun í að matreiða grænmeti og ávexti
- fái þjálfun í að baka einfalt brauð úr lífrænum og ólífrænum lyftiefnum
- geri sér grein fyrir helstu slysaþættum í eldhúsi
- geti unnið með öðrum og sýnt tillitsemi.
- tileinki sér hreinlæti og temji sér að halda vinnusvæði sínu hreinu.
- kynnist því hvernig á að hreinsa og burstu skófatnað.
- þjálfist í að leggja fallega á borð og tileinka sér góða borðssiði.

### Skipulag kennslu

Hópvinna, samvinna, útlistunarkennsla, sýnikennsla, einstaklingskennsla,

Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og læra þannig að vinna með öðrum og sýna öðrum virðingu og tillitsemi. Nemendur þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkum þar sem allir eiga að taka virkan þátt. Í 5. bekk er sérstök áhersla á grænmeti og ávexti þar sem nemendur læra að meðhöndla þennan fæðuflokk. Markmið heimilisfræðinnar tengist skólasýninni með þeim hætti að áhersla er lögð á hollt fæði, óunnar vörur, ávexti og grænmeti, samvinnu og virðingu gagnvart öðrum og að kynnast ýmsum vinnuaðferðum og þjálfva verklega færni.

### Námsefni/ kennslugögn

Gott og gagnlegt 1 vinnubók, ljósritað efni, matreiðslubækur og uppskriftir.

### Námsmat

Símat, sjálfsmat, verklegt próf.

Sjálfsmatið á að gefa nemandanum tækifæri til þess að leggja gagnrýnið mat á eigin vinnu og framfarir. Símat er opið mat kennarans eftir hvern tíma á vinnubrögðum, áhuga og virkni, frágangi, hegðun og samvinnu nemanda. Nemendum gefst kostur á að sjá hver frammistaða þeirra er hverju sinni og sjá þá hvar þeir geta bætt sig. Verklegt próf fer fram í lok annar.

**Kennari:** Þóra Gígja Jóhannsdóttir

## Textílmenn

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur geti þrætt saumavél, bæði yfir og undirtvinna, velji saman liti og sníði og saumi lítil stykki. Geti þrjónað slétt og brugðið, skipt um lit á garni, fellt af og gengið frá

þrjónastykki. Nemendur þekki silki, bómull og ull. Aukaverkefni tengd t.d. jólum og páskum. Nytsamleg og listræn verkefni.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn, þar sem tillit er tekið til færni, áhuga og framkomu nemandans.

**Kennari:** Sigrún María Guðmundsdóttir

### Hönnun og smíði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur kynnst eiginleikum efnis sem verið er að nota og möguleikum þess. Læra að nota eigin hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Teikna upp og vinna eftir teikningum. Efla sköpun og hugmyndaflug.

**Námsmat:** Verkefni, vinna, umgengni og framkoma nemenda.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson.

### Íþróttir

#### Helstu áhersluatriði og markmið

Að nemendur:

- Öðlist aukna færni í helstu grófhreyfingum og samsettum hreyfingum auk þess að bæta samhæfingu þeirra.
- Efla líkamsþol, kraft, hraða og viðbragð
- Fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og fá í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinir sem aðstæður í skóla bjóða upp á.

#### Leiðir

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur hafi með sér skófatnað í leikfimitímana.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

**Námsmat:** Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðssetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum, athugunum og prófum.

Skriflegur vitnisburður í formi einkunna á skalanum 1-10 er notaður og er gefið í heilum og hálfum tölum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í íþróttum.

Færni: Könnuð er færni nemenda í þoli, fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum æfingum á ólíkum áhöldum og í leikjum með og án bolta.

Virkni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dagnað, áhuga og einbeitingu.

Félagsþroski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrir mælum kennara og annarra starfsmanna í sal og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

**Kennari:** Hrefna Dagbjartsdóttir og Kári Jóhannesson.

### Sund

**Helstu áhersluatriði:** Byggt er á þeim grunni sem sundkennsla fyrstu fjögur árin hefur skapað. Í 5. bekk er megináhersla lögð á færniþætti s.s. samhæfingu hreyfinga, rétta öndun og takt.

**Námsmat:** Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og markmiðssetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum.

Skriflegur vitnisburður í formi einkunna á skalanum 1-10 er notaður og er gefið í heilum og hálfum tölum.

Færni: Matið byggir á því að nemandinn geti synt 75 metra bringusund, 25 metra skólabaksund, 25 metra skriðsund, 15 metra baksund, stungið sér af bakka, sótt hlut á 1-2 metra dýpi, troðið marvaða í 20-30 sekúntur.

Mat er lagt á sundstíl í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og stungu af bakka.

Virkni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dagnað, áhuga, einbeitingu og úthald.

Félagsþroski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrir mælum kennara og annarra starfsmanna í sundlaug og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

**Kennari:** Páll Gíslason.